

Samræming skráningarkerfa: Tenging milli ICF kerfisins og hjúkrunarskráningar.

Marianne E. Klinke og Sigurlaug B. Arngrímsdóttir
Tauga-og hæfingarsvið Reykjalundar.

Inngangur: Undanfarið ár hafa meðferðaraðilar á tauga-og hæfingarsviði verið að fíkra sig áfram með notkun ICF-kerfisins við markmiðssetningu fyrir sjúklinga sína. Þar sem um yfirgripsmikið kerfi er að ræða, völdum við að taka aðeins ákveðna hluta þess í gagnið í einu. Við byrjuðum á að nota „Athafnir og þátttaka“ en bættum fljótlega við „Líkamsstarfsemi“ og „Umhverfi“.

Markmið: Eftir því sem við höfum unnið meira með ICF-kerfið höfum við hjúkrunarfræðingarnir fundið fyrir nokkuð miklum tvíverknaði í skráningunni. Þess vegna ákváðum við að skoða hvort hægt væri að flokka saman sambærilega þætti ICF og NIC /NANDA, þ.e. finna þau atriði sem hefðu sambærilegar skilgreiningar, setja upp i töflu og hafa við höndina þegar við vinnum okkar skráningu.

Aðferðir: Við notuðum *ICF kynningarútgáfu 2008* sem var þýdd af Guðrúnu Pálmadóttur (verkefnistj. ICF verkefni, Lektor og brautarstjóri í iðjuþj., Heilbrigðisd. HA), *Skráning hjúkrunar/handbók(NANDA) Landlæknisembættið 2002* og *Nursing Interventions Classification (NIC) Third ed. Mosby(Joanne C. McCloskey og Gloria M.Bulechek)*. Fyrst fórum við yfir og fundum þau atriði í ICF sem mest hafa verið notuð í markmiðssetningu á okkar sviði. Síðan fundum við hjúkrunargreiningar sem höfðu sambærilega skilgreiningu. Að því loknu fórum við yfir þær hjúkrunargreiningar sem mest hafa verið notaðar og bárum saman við þær sem við höfðum fundið m.t.t. fyrri athugunar.

Niðurstöður: Niðurstaðan var sú að langflestar hjúkrunargreiningar sem við notum voru komnar fram í tengingunni við ICF. Þó voru nokkrar sem við höfum ekki getað tengt beint við ICF-flokk.

Ályktun: Reynsla okkar af því að nota þau drög sem urðu til við þennan samanburð er, að skráning og markmiðssetning verður markvissari, meira samræmi í henni en áður auk þess sem tími sparast.